

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimt skal með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér segir:

A. Íbúðarhús í þéttbýli þar sem sorph er hirt frá húsum, kr. 6.000. Heimilt er þó að veita afslátt kr. 3.000 þeim heimilum þar sem sorph er að jafnaði minna en einn poki hálfsmánaðarlega.

B. Lögbylí greiði kr. 5.000

C. Sumarhús greiði kr. 2.000

D. Fyrirtæki, stofnanir, félag og aðrir sambærilegir lögaðilar greiði gjald er miðist við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
1	4.000	6	72.000
2	8.000	7	128.000
3	16.000	8	200.000
4	32.000	9	352.000
5	48.000		

Hreppsnefnd skipar aðilum í gjaldflokka.

Heimilt er að fella niður sorphirðugjald samkvæmt staflíð D af aðilum sem annast sjálfir flutning á viðurkenndan eyðingarstað, enda greiði aðilar fyrir eyðingu sorpsins.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Kaldrananeshrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 23. febrúar 1998.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu á Dalvík.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkur er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

#### 2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbæjar. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.